

**Bogfimisamband Íslands (BFSÍ) er aðili að heimssambandinu WorldArchery (WA) og fer eftir reglum og lögum þess. Reglur BFSÍ skulu vera í samræmi við reglur og lög WA.**

## Erlend mót

Hlutgengi keppenda á erlend mót:

Allir í aðildarfélögum BFSÍ geta lýst yfir áhuga sínum að keppa á erlendum mótum á vegum BFSÍ. Þátttakendur á erlendum mótum skulu vera skuldlausir við íþróttafélag sitt og BFSÍ, vera með Ísland sem skráð keppnisland og virða siðareglur og hegðunarviðmið ÍSÍ/BFSÍ.

Val keppenda á erlend mót:

### **Val í landsliðshópa**

Keppendur sem skilgreindir eru í landsliðshópa geta verið valdir til þátttöku á mótum þar sem BFSÍ hefur takmarkaðan fjölda af þátttökuréttum. Til dæmis: EM, HM, heims- og Evrópubikarmót.

Íþróttastjóri velur í landsliðshópa hvers árs á grundvelli eftirfarandi atriða:

1. Skor viðmið
2. Þátttöku í mótum BFSÍ
3. Íþróttamannsleg hegðun
4. Íþróttamaður hafi tilkynnt íþróttastjóra um vilja sinn til þátttöku í landsliðsverkefnum næsta árs og lýst sig reiðubúinn til þess að takast á herðar þann kostnað, bæði fjárhagslegan og í ráðstöfun tíma til æfinga sem þátttaka á alþjóðlegu móti fyrir Íslands hönd kallar á.

Skor viðmið eru reiknuð út miðað við meðaltal 15% lægstu keppenda á síðustu 3 viðeigandi EM.

Landslið: Keppendur þurfa að ná viðeigandi viðmiðum á Íslandsmetahæfum mótum til þess að komast inn í eða haldast í landsliðshópi.

Ungmennalandslið: Keppendur þurfa að ná viðeigandi viðmiðum í verkefnum BFSÍ til þess að komast inn í eða haldast í ungmennalandsliðshóp (verkefni BFSÍ eru meðal annars: Íslandsmót, ungmennadeild BFSÍ, Íslandsmetahæf mót, hæfileikamótun, o.s.frv.).

Keppendur skulu tilkynna íþróttastjóra áhuga sinn á því að taka þátt í landsliðshóp fyrir lok september árið áður. Íþróttastjóri gerir keppanda grein fyrir áætluðum kostnaði af slíkri þátttöku og fer yfir æfingaáætlun keppandans og hvort hún sé eðlileg m.v. það landsliðsverkefni sem ætlunin er að taka þátt í.

Tímabil til þess að ná viðeigandi viðmiðum er 1 október til 30 september. Eftir tímabilið í október ár hvert birtir BFSÍ upplýsingar um einstaklinga sem íþróttastjóri skilgreinir í landsliðshópa fyrir komandi ár.

Íþróttastjóri velur úr landsliðshópum í viðeigandi landsliðsverkefni. Íþróttastjóri hefur heimild til að bæta við keppendum hvenær sem er á árinu í landsliðshóp sem ekki hafa náð viðmiðum s.s. til þess að fylla í lið, bæta við efnilegum keppendum úr hæfileikamótun, vegna tilfallandi verkefna o.s.frv.. Íþróttastjóri hefur heimild til þess að fjarlægja úr landsliðshópi þá sem munu ekki taka þátt í landsliðsverkefnum, taka ekki þátt í mótum eða stunda ekki æfingar í samræmi við æfingaáætlun eða brjóta í bága við reglur BFSÍ s.s. siðareglur og hegðunarviðmið.

### **Á mót þar sem BFSÍ hefur ótakmarkaðan kvóta (til dæmis NUM, landsliðs/félagsverkefni):**

Allir hlutgengir keppendur geta óskað eftir því að taka þátt í verkefnum með ótakmörkuðum kvóta. Skráning þátttakenda á erlend mót með ótakmörkuðum kvóta á vegum BFSÍ fer fram í gegnum íþróttafélögin.

Íþróttafélögin senda inn tillögur um þátttakendur innan sinna raða á slík mót. Framkvæmdastjóri ræður lokavali og er heimilt að samþykkja ekki allar tillögur sem íþróttafélögin senda inn. Ef hann telur það vera í hag mótsins og þátttakenda mótsins, s.s. vegna siða og agamála.

Íþróttafélög skulu senda þjálfara/liðsstjóra með sínu íþróttafólki. Fulltrúi stjórnar BFSÍ verður til staðar á þeim mótum og miðlar upplýsingum til liðsstjóra/þjálfara félagana.

#### Greiðsla gjalda:

Greiða þarf öll gjöld vegna erlendra mót fyrir frestinn sem gefinn er upp í upplýsinga tölvupósti til keppenda/félaga vegna mótsins. Öll gjöld sem greidd eru til BFSÍ vegna erlendra móta eru óendurgreiðanleg og verða ekki að inneign keppanda/félags.

#### Framhalds-þátttökuréttur:

Úthlutun á þátttökurétt á t.d. Ólympíuleika, Evrópuleika eða slíkt fer eftir reglum mótsins sem um ræðir. Ef upp kemur að BFSÍ þarf að velja milli keppenda frá Íslandi til að nýta þátttökurétt er það gert á eftirfarandi veg:

Keppendur sem vinna framhalds þátttökurétt fyrir Íslands hönd á mót, t.d. Ólympíuleika, Evrópuleika o.s.frv., eiga fyrstir færi á að nota sér þann þátttökurétt.

Ef keppandinn sem vann þátttökurétt getur ekki notað framhalds þátttökurétt, eða forfallast á annan veg, rennur þessi þátttökuréttur til:

1. Þess sem var með hæsta skor í undankeppni á því móti sem framhalds þátttökuréttur var unninn. Ef sá getur ekki notað þátttökuréttinn rennur það til næsta hæsta af því móti, o.s.frv. þar til þátttökurétturinn er nýttur.
2. Ef þátttökurétturinn rennur ekki út skv. lið 1 rennur þátttökurétturinn til þess sem var með hæsta skor í undankeppni á fyrra undankeppnismóti um framhalds þátttökurétt, ef slíkt mót var haldið. Ef sá keppandi getur ekki notað þátttökuréttinn rennur það til næsta hæsta af því móti, o.s.frv. þar til þátttökurétturinn er nýttur.
3. Ef þátttökurétturinn rennur ekki út skv. lið 1 og 2 sér stjórn BFSÍ um val keppanda sem getur notað þátttökuréttinn.

Ef margir keppendur vinna þátttökurétt fyrir einstakling, á sá fyrstur þátttökurétt sem var með hæsta skor í undankeppni á mótinu þar sem þátttökuréttur vannst.

(Tilgangur reglunnar er að vera með sanngjarnt og gegnsætt kerfi þar sem að sá sem vinnur þátttökurétt fær fyrsta færi til þess að nota það og þeir sem reyndu að ná sæti á mikilvæg mót séu næstir í röðinni ef fyrsti getur ekki notað þátttökuréttinn)

#### Sérstök boðssæti (Wild card).

Úthlutun á sérstökum boðssætum (wild card) á t.d. Ólympíuleika, Evrópuleika eða slíkt fer eftir reglum mótsins sem um ræðir.

Ef upp kemur að BFSÍ þarf að velja milli keppenda frá Íslandi til að skipa sérstök boðssæti er valið eftir skori úr undankeppni Íslandsmóts utanhúss árið áður. Hæstur í skori á fyrsta færi á að nýta þátttökuréttinn, ef sá getur ekki nýtt þátttökuréttinn eða forfallast fær næst hæsti færi á að nýta þátttökuréttinn og svo framvegis þar til boðssætið (wild card) hefur verið skipað.

Keppandinn verður að staðfesta að hann mun nota wild card sætið innan þess tímaramma sem BFSÍ setur upp í tilkynningu til hans. Ef keppandinn staðfestir ekki sætið innan þess tíma rennur sætið til næsta í röðinni.

Þeir keppendur sem kepptu um þátttökurétt á mótinu sem gaf sérstaka boðssætið hafa forgang á sérstök boðssæti.

(Veður aðstæður á mótum geta verið mismunandi, þess vegna er Íslandsmótið notað til þess að velja hver fær sérstaka boðssætið. Þar sem allir keppendur hafa keppt þar á jöfnum grundvelli.)

Keppni hætt eða ekki komið til leiks:

Ef að keppandi kemur ekki til leiks og tilkynnir ekki forföll eða hættir keppni, án gildrar ástæðu, verður viðkomandi settur í keppnisbann frá landsliði af stjórn BFSÍ tímabundið eða varanlega eftir alvarleika brotsins.

Ef íþróttafélag skráir íþróttamann á mót og sannanlegt er að það sé gert án samþykkis viðkomandi, ber að dæma íþróttafélagið til refsingar. Refsingin skal vera hið minnsta fjórföld upphæð þátttökugjalds mótsins eða tímabundið keppnisbann félagsins.

Framkoma og ábyrgð á mótum:

- Keppandi skal koma heiðarlega og drengilega fram við keppinauta sína og eigi beita óleyfilegum brögðum.
- Keppandi skal sýna dómurum, liðsstjórum og starfsmönnum mótsins tilhlýðilega virðingu og eigi fara niðrandi orðum um þá eða áhorfendur.
- Keppandi er sjálfur ábyrgur fyrir því að allar persónulegar upplýsingar séu réttar, svo sem nafn, aldur, kyn og félag.
- Keppandi skal ávallt reyna að gera sitt besta og eigi hætta keppni að ástæðulausu.
- Keppandi skal tilkynna forföll í tæka tíð og má enginn ganga úr keppni án þess að tilkynna það liðsstjóra, dómara og mótshöldurum, þótt hann hafi lögleg forföll.
- Keppandi æfir sig og keppir á eigin ábyrgð, og bera mótshaldarar því enga ábyrgð á meiðslum, er hann kann að verða fyrir.

Mót fatlaðra:

Erlend mót fatlaðra falla undir lögsögu Íþróttasambands Fatlaðra (ÍF). Keppendur sem hyggjast taka þátt í erlendum bogfimi mótum fatlaðra skulu gera það í gegnum ÍF. BFSÍ og ÍF skulu vera í góðu sambandi um þessi verkefni.

## Liðsstjórar

Val liðsstjóra:

Íþróttastjóri velur liðsstjóra í landsliðsverkefni ef hann fer ekki sjálfur.

Vald og leyfi liðsstjóra:

Liðsstjórar eru fulltrúar BFSÍ á mótinu. Þeir hafa því sama vald á viðkomandi móti og formaður BFSÍ hefði þar. Þeir geta breytt uppsetningu liðs, geta skrifað undir breytingar fyrir hönd sambandsins tengt mótinu, uppfært keppendur í þjálfara, kært meint brot, geta vísað keppendum úr keppni, geta sent keppendur heim, o.s.frv.

Störf og skyldur liðsstjóra eru meðal annars eftirfarandi:

- Strax og komið er á keppnissvæði hafa samband við mótshaldara
- Sjá til þess að greiðsla og uppgjör tengt mótinu sé í lagi svo að keppendur séu gildir, klára skráningu liðsins og sækja keppenda skírteini.
- Vera fulltrúi BFSÍ á mótinu og taka ákvarðanir tengdar mótinu fyrir sambandið.
- Fara á liðsstjóra fund og miðla upplýsingum sem farið er yfir þar til keppenda.
- Vera tengiliður mótshaldara, dómara og dómaraáðs við keppendur.

- Fylgja liðinu í búnaðarskoðun.
- Sjá til þess að keppendur komist til og frá keppnisvelliðum.
- Taka á öllum öðrum vandamálum sem gætu komið upp og aðstoða keppendur við að leysa þau.
- Kæra meint brot sem hafa áhrif á Íslenska keppendur til dómarráðs mótsins.
- Taka á siðamálum sem gætu komið upp á mótinu og gera grein fyrir þeim í liðsstjóra skýrslu svo að hægt sé að taka á þeim málum þegar komið er heim ef þarf.
- Skrifa liðsstjóranskýrslu um mótið. (Nægilegt er að email. Skýrslan þarf ekki að vera löng en þarf að taka fram atriði sem gætu verið hjálpleg fyrir BFSÍ, aðra liðsstjóra og/eða siðanefnd að vita um gang mótsins.)

Sjá nánar um skyldur liðsstjóra á mótum í WA reglubók 3